

Er málið var tekið fyrir í dag, það umboðsmaður áfrýjanda um frestun þess til septembermánaðar n. k. Umboðsmaður stefnda andmælti þeim fresti og krafðist þess, að málið væri hafið. Styður hann þá kröfu sína við það, að því hafi verið lýst af hálfu áfrýjanda, er málinu var frestað í aprilmánuði, að dómkrafan mundi verða greidd og kæmi því eigi til flutnings málsins hér fyrir dómi. Þetta hafi hins vegar brugðizt, án þess þó að málið hafi verið búið til flutnings af hálfu áfrýjanda. Umboðsmaður áfrýjanda segir samkomulag eigi hafa orðið um greiðslu samkvæmt héraðsdómi og kveður unnið að undirbúningi þess, að málið verði flutt fyrir hæstarétti. Mótmælir hann því kröfu stefnda og krefst þess, að málinu verði frestað, svo sem áður greinir.

Með því að stefndi hefur engar sönnur fært fyrir greindum staðhæfingum sínum, verður krafa hans um hafningu málsins þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina. Ber því að fresta málinu til septembermánaðar n. k. samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Ályktarorð:

Áfrýjanda er veittur frestur til septembermánaðar n. k.

Mánudaginn 24. júní 1946.

Nr. 64/1946. **Vélbátatrygging Eyjafjarðar**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Jóni Ásgeirssyni (Hrl. Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vátryggingarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa upp kveðið Ingólfur Jónsson cand. jur., setudómari í málinu, og samdómendur Sigurjón Á. Ólafsson og Þorsteinn Árnason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 16. maí s. l. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum stefnda í þessum þætti málsins og málskostnaðar úr hendi hans fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að kveðið verði á með dómi, að hann eigi rétt til fégreiðslu úr hendi áfrýjanda samkvæmt váttryggingarskírteini v/s Hrings S.I. 1 nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóváttryggingu Siglufjarðar. Svo krefst hann og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega taka kröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Jón Ásgeirsson, á rétt til fégreiðslu úr hendi áfrýjanda, Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, samkvæmt váttryggingarskírteini v/s Hrings S.I. nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóváttryggingu Siglufjarðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1946.

Mál þetta er höfðað hér fyrir réttinum með stefnu, útgefni 18. janúar 1946, samkvæmt samkomulagi málsaðilja. Hefur það orðið að samkomulagi milli þeirra, að kveðinn verði sérstaklega upp dómur um greiðsluskyldu stefnda samkvæmt váttryggingarskírteini nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944, og er dómurinn samþykkur þessari meðferð málsins, sbr. lög nr. 85/1936, 71. gr., siðustu málsgrein.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig:

Með tryggingarskírteini nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóváttrygging Siglufjarðar, tryggði hann hjá téðri tryggingarstofnun skip sitt „Hring“ S.I. 1. Er kveðið svo á í tryggingarskírteininu, að um tryggingu „gilda í einu og öllu ákvæði laga nr. 27 13. jan. 1938 um váttryggingarfélög fyrir vélbáta“. Skipið var virt á venjulegan hátt 25. febrúar 1944 á kr. 339000.00 og váttryggingarupphæðin $\frac{1}{10}$ hlutar þess, eða kr. 305100.00. Váttryggingin gildi frá 21. febrúar 1944 til 20. febrúar 1945, að báðum þeim dögum meðtöldum. Hinn 14. nóvember 1944 kom skipið til Reykjavíkur. Hafði stefnandi ákveðið að láta það ekki sigla yfir veturinn, enda þurfti

vél þess aðgerðar við. Daginn eftir var skipshöfnin afskráð og skipinu „lagt upp“. Kveður hann, að skipinu hafi verið komið fyrir vestan Ægisgarðs í Reykjavíkurhöfn samkvæmt tilvísun hafnaryfirvaldanna, og sé það föst venja, að skipum sé „lagt upp“ á þeim stað. Taki öll váttryggingarfélag Reykjavíkurhöfn gilda sem vetrarlegustað og endurgreiði iðgjöld samkvæmt því.

M/s Hringur var bundinn við e/s Elsu og m/s Capitana, sem lágu fyrir við Ægisgarð (Capitana bundin við m/s Eldborg, sem þá lá næst garðinum) og var „binding“ m/s Hrings þannig, að *framan*: Tvöfaldur 8 þml. „þykkur“ graskaðall, bundinn í e/s Elsu, og 2½ þuml. „þykkur“ vir bundinn í m/s Capitana: að *aftan*: Tvöfaldur 8 þml. „þykkur“ graskaðall (eins og að framan), einnig bundinn í e/s Elsu, og 2½ þml. „þykkur“ vir, bundinn í m/s Capitana.

Telur hann, að binding þessi hafi í alla staði verið forsvaranleg samkvæmt venju í því efni. Kveðst stefnandi síðan sjálfur stöðugt og næstum daglega hafa haft eftirlit með skipinu, og auk þess hafi hann ráðið til þess sérstakan eftirlitsmann, Pétur Pétursson, að lita eftir því, þar á meðal sérstaklega eftir „bindingu“ skipsins, að hún væri ávallt í lagi. Enn fremur hafi Bjarni (eða Björn) Guðmundsson skipstjóri stöðugt eftirlit af hálfu hafnaryfirvaldanna með skipum þeim, sem lágu við Ægisgarð, og hafi hann aldrei gert neina athugasemd um „bindingu“ m/s Hrings. Hins vegar var enginn varðmaður um borð í skipinu, enda sé það ekki fyrirskipað og venja, að svo sé, þegar skipum er „lagt upp“ í Reykjavíkurhöfn.

Vegna þrengsla í Reykjavíkurhöfn þurfa þau skip, sem næst liggja bryggjum, stöðugt að koma og fara og hagræða þá festum þeirra skipa, sem „liggja uppi“ og bundin eru saman út frá þeim. Einnig verða breytingar á þeim skipum, sem „liggja uppi“, sum fara í siglingar, en öðrum er „lagt upp“. Urðu því tíðar breytingar á afstöðu m/s Hrings á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Stefnandi kveðst hafa farið niður á Ægisgarð 14. janúar 1945 til þess að aðgæta, hvort allt væri í lagi með m/s Hring, og reyndist allt í lagi. Sama dag athugaði umsjónarmaðurinn, Pétur Pétursson, hið sama og sá ekkert athugavert. Daginn eftir, hinn 15. s. m., fór hvorugur til þess að lita eftir skipinu, en nóttina eftir, aðfaranótt 16. sama mánaðar, gerði afspyrnurok hér í Reykjavík.

Var þá aðstaðan vestan við Ægisgarð þannig, að skipin lágu þar í þremur röðum, og voru 6—7 skip í hverri röð, öll skipin mannlaus, sem upp hafði verið lagt, en svo var um þau flest. Í nyrztu röðinni lágu 6 skip, hvert utan á öðru, og var m/s Hringur í þeirri röð, lengst frá garðinum, en ekkert skip lá utan á honum. Tvö af skipum í þessari röð höfðu komið á mánudagskvöldið 15. janúar og farið inn í röðina án leyfis hafnarvarðanna.

Um nóttina gerði afsþyrnurok, og um kl. 5.30 fór hafnsögumaður, Ingólfur Möller, niður á Ægisgarð til eftirlits. Höfðu þá skipin í miðröðinni slitnað frá að framan og rekið á nyrztu röðina, þar sem m/s Hringur lá, hafði hann slitnað frá og var kominn út fyrir Ægisgarð ásamt e/s Elsu, en „binding“ hans við það skip hafði þá enn ekki bilað.

Í sjóprófi 18. janúar 1945 lætur hafnsögumaður, Ingólfur Möller, í ljósi þá skoðun, að orsökina til þess, að m/s Hringur slitnaði frá, hafi verið sú, að skipin í miðröðinni hafi rekið á hann. Um kl. 6.30 sést m/s Hringur svo reka út úr hafnarmynninu, og gerði dráttarbáturinn Magni tilraun til þess að bjarga honum, en það mistókst, enda þótt í hann væri fest tvisvar sinnum.

Strandaði skipið síðan við Rauðarárvík.

Sama dag tilkynnir stefnandi váttryggjanda um strand skipsins, en hann hafði þá hætt störfum, og stefndi í máli þessu, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, Akureyri, tekið að sér trygginguna. Var stefnanda vísað til umboðsmanns þess félags hér í bænum, Arnórs Guðmundssonar skrifstofustjóra, og sneri hann sér til hans og fór fram á, að stefndi léti ná skipinu út sem fyrst og léti athuga ástand þess. En stefndi neitaði að sinna því að svo stöddu, þar til upplýst yrði, hvort honum væri skylt að bæta tjónið.

Þann 18. s. m. fór síðan fram sjóprófið í málinu, þar sem umboðsmaður var mættur fyrir hönd stefnda, hr. Sveinbjörn Jónsson hrl.

Þann 27. s. m. fékk stefnandi síðan bréf, dagsett sama dag, frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem er endurtryggjandi stefnda. Var stefnanda tilkynnt þar, að ekki sé viðurkennt, að bæta beri umrætt sjótjón. Jafnframt er skorað á stefnanda, að gera ráðstafanir til þess að bjarga skipinu og hafa um þar að lútandi ráðstafanir samráð við Samábyrgð Íslands og samþykki hennar um samninga þá, sem gerðir yrðu um björgun.

Stefnandi leitaði með auglýsingum í blöðunum tilboða, og var þeim öllum hafnað á fundi hjá Samábyrgðinni, sem stefnandi mætti á, og kveður hann stjórn Samábyrgðarinnar hafa ákveðið vegna stefnda að fá Magnús Guðmundsson skipasmið til þess að ná skipinu út. Vann hann síðan að björgun skipsins, og hafði honum tekizt að ná því út 15. febrúar 1945, og var það sett í land í skipasmiðastöð hans.

Þann 3. marz 1945 samþykkti stefndi að vísa málinu til Samábyrgðarinnar, en jafnframt mælir hann með því, að stefnanda verði greiddar fullar bætur. Samábyrgðin neitaði að greiða tjónið.

Ekkert skeður svo í málinu fyrr en stefndi með bréfi, dags. 26. apríl 1945, tilkynnir stefnanda, að Samábyrgðin vilji bjóða honum að velja um tvo kosti.

1. að váttryggjendur greiði björgunar- og viðgerðarkostnað Hrings

að $\frac{2}{3}$ hlutum samkvæmt mati eftir venjulegan frádrátt (10% etc.).

2. að málsaðiljar fari fram á við dómara Hæstaréttar að ákveða með gerðardómi, hvort váttryggjendum beri að greiða kostnaðinn og þá að hve miklu leyti. Þetta tilboð gerði stefndi að sínu tilboði og óskaði svars við fyrstu hentugleika.

Með bréfi, dags. 29. apríl s. á., samþykkti stefnandi að ganga að fyrri lið tilboðsins.

Fór þá mat fram á m/s Hring að tilhlutun umboðsmanns stefnda. Varð matsupphæðin kr. 298914.00, en björgunarkostnaður varð alls kr. 62458.80 samkvæmt reikningum Magnúsar Guðmundssonar.

Varð nú að samkomulagi milli aðilja, að m/s Hringur verði að teljast óbætandi.

Krafðist stefnandi fullnægingar áður samþykks tilboðs, en Samábyrgðin neitaði að standa við það, nema dregnar væru frá kr. 65650.00, sem er „nýtt fyrir gamalt“.

Stefnandi vildi ekki samþykkja þetta, og gerir því áður fram tekna kröfu í málinu. Verða því ekki á þessu stigi málsins frekar raktar fjárkröfur stefnanda.

Stefndi gerir þær kröfur að verða sýknaður af kröfum stefnanda, og krefst málskostnaðar eftir mati réttarins.

Byggir stefndi sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi firrt sig rétti til váttryggingarfjárins með framferði sínu við geymslu bátsins. Stefndi hafi lagt skipi sínu vélvana, og „festing“ þess hafi verið mjög ábóta vant, þar sem hún hafi ekki verið varanleg, heldur skipinu fest við önnur skip, sem voru ýmist að koma eða fara, og skip stefnanda jafnan leyst og fest á ný við hver skipaskipti. Stefnanda hafi borið að hafa jafnan eftirlitsmenn um borð í skipinu, en það hafi hann vanrækt, og telur líklegt, að skipið hefði aldrei slitnað upp, ef maður hefði verið í því. Mótmælir hann því, að hann eða nokkur fyrir hans hönd hafi samþykkt þenna stað og útbúnað sem vetrarlægi fyrir skipið, enn fremur því, að staður þessi sé venjulegt vetrarlægi.

Jafnframt mótmælir hann því, að stefnandi hafi gætt skipsins, eins og vera bar eftir strandið, og að hann hafi þannig firrt sig rétti til bóta. Sala flaksins hafi verið algerlega á ábyrgð stefnanda og gerð af honum. Stefnanda hafi líka borið að tilkynna vetrarlægi skipsins.

Skipsváttryggingarskirteini nr. 176 á rskj. nr. 3 í máli þessu kveður svo á, að fyrir váttryggingu þessa gildi í einu og öllu ákvæði laga nr. 27 13. janúar 1938 um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, en það tryggir ekki gegn hernaðartjóni né afleiðingum þess. Skirteinið er dagsett 21. febr. 1944 og gildir frá 21. febrúar 1944 til 20. febrúar 1945, að báðum þeim dögum meðtöldum. Lögin,

sem vitnað er í, eru að vísu úr gildi felld með lögum nr. 32 11. júní 1942 um sama efni, en ákvæðin, sem snerta mál þetta, eru mjög sama veg í báðum lögnum, en að sjálfsögðu gilda hér um lögín frá 1942.

Það má telja sannað, að legustaðurinn vestan Ægisgarðs í Reykjavíkurhöfn sé viðurkenndur staður til vetrarlegu skipa af þeirri stærð, sem m/s Hringur er, enda alkunnugt, að skip liggja þar mánuðum saman til aðgerðar og til geymslu.

Ekki verður annað séð af framlögðum gögnum í málinu og vitnaleiðslum en að stefnandi hafi hagað sér um gæzlu m/s Hrings mjög á sama veg og aðrir skipaeigendur, sem líkt stendur á um. Festar skipsins virðast hafa verið sæmilega traustar.

Það er upplýst í málinu, að um óvenjulegt stórviðri og sjógang hafi verið að ræða.

Hafnarvöld Reykjavíkur virðast ekki hafa fundið neitt að legu m/s Hrings á þessum stað, og er þó játað, að þeim hafi verið kunnugt um veru skipsins þarna, og skiptir því ekki máli, hvort upphaflega hefur verið sótt um leyfi til legu skipsins.

Þess er ekki krafizt í lögum um váttryggingu fyrir vélbáta eða reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskípum, að tilkynna þurfi fyrirfram um vetrarlegu eða vetrarlegustað skips.

21. grein, 2. stafliður, laga nr. 32/1942, sbr. 22. gr., 2. staflið, laga nr. 27/1938 á við um hér um rætt skip, m/s Hring. Verður ekki annað séð en skipið hafi verið í gildu ástandi til að vera „lagt upp“ á þessum stað. Frá því hefur verið gengið eigi lakar en venja er um önnur skip, og þess gætt á sama hátt, og aðstaða þess hin sama og skipa, sem hliðstætt váttryggingarfélag, er starfar eftir sömu lögum og stefndi, hefur greitt „Ristorino“ fyrir, sbr. rskj. nr. 65 og nr. 66, og verður váttryggða, stefnandanum, ekki gefin sök á því, hvernig fór.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnandinn á rétt á greiðslu allrar váttryggingarupphæðar m/s Hrings úr hendi stefnda samkvæmt framanskráðu váttryggingarskirteini.

Málskostnaður verður ekki ákveðinn að þessu sinni, en tillit skal taka til þessa hluta málsins við ákvörðun málskostnaðar, þegar dómur gengur um fjárkröfur þess.

Óþarfur dráttur hefur enginn orðið á meðferð málsins.

Ingólfur Jónsson hdl. hefur tekið þátt í uppkvaðningu dóms þessa sem setu-borgardómari samkvæmt rskj. nr. 63.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefnandinn, Jón Ásgeirsson útgerðarmaður, Reykjavík, hefur rétt til greiðslu allrar váttryggingarupphæðar m/s Hrings, S.I. 1, úr hendi stefnda, Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, Akureyri,

samkvæmt váttryggingarskirteini nr. 176, útgefnu 21. febrúar 1944 af Sjóváttryggingu Siglufjarðar.

Málskostnaður ákveðst, þegar dómur gengur um fjárkröfur málsins.

Þriðjudaginn 25. júní 1946.

Nr. 76/1945. **Jónas Hvannberg**

(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson)

gegn

Skafta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni og gagnsök (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og borgarfégeti Kristján Kristjánsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörns-sonar.

Um öflun skýrsla.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla skýrsla um þau atriði, er nú skal greina.

Gagnáfrýjendur hafa m. a. viljað reisa kröfur sínar um ógildingu samninga þeirra, er í málinu greinir, á því, að gagnáfrýjandi Davíð Jóhannesson hafi vegna ellisljóleika ekki verið fær til að gera samninga þessa. Gögn brestur um andlega heilsu hans. Þykir því rétt að beina því til aðilja að láta nú sérfræðing í tauga- og geðsjúkdómum framkvæma nákvæma rannsókn á Davíð. Er rétt, að lækningin gefi rækilega skýrslu um andlega heilbrigði Davíðs nú. Æskilegt er að fá ályktun læknisins um andlegt hæfi Davíðs undanfarin 5—6 ár, ef þess er kostur.

Álits hins sérfróða læknis skal leitað um það, hvort heilsa Davíðs leyfi, að hann séu spurður fyrir dómi.

Spyrja ber Eyvind Eiríksson, Útey, hvenær og hvernig hann fékk vitneskju um byggingarbréfið frá 22. janúar 1941, það er í málinu greinir, og hvort hann hafi gert Skafta